

GOD'S SIMPLE PLAN OF SALVATION

Introduction

Fyrsta bréfi Jóhannesar 5:13 „Þetta hef ég skrifað yður, sem trúið á nafn Guðs sonar, til þess að þér vitið, að þér hafið eilíft líf.“

I Öll höfum við syndgað.

Rómverja 3:10 Eins og ritað er: Ekki er neinn réttlátur, ekki einn.

Rómverja 3:23 Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð,

Rómverja 5:12 Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað.



Öll höfum við syndgað.

II Laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú,

Rómverja 6:23 Laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.

Opinberun 21:8 “En fyrir hugdeiga og vantrúaða og viðurstyggilega og manndrápara og frillulífismenn og töframenn, skurðgoðadýrkendur og alla lygara er staður búinn í dýkinu, sem logar af eldi og brennisteini. Það er hinn annar dauði.”

III Jesús dó á krossinum og tók sig refsinguna sem við höfðum unnið til – dauðann.

Rómverja 5:6 Meðan vér enn vorum óstyrkir, dó Kristur á settum tíma fyrir óguðlega.

Rómverja 5:8 En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum.

Jóhannes 3:16 Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn einetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.

Rómverja 6:23 Laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.



Christ died for sinners!

IV Þú getur bara þegið hana, fyrir trú, fyrir náð og miskunn Guðs.

Efesusbréfið 2:8-9 Því af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Það er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því.

Í Títusarbréfi 3:5 segir að Guð frelsaði okkur ekki „vegna réttlætisverkanna sem vér höfum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni í þeirri laug, þar sem vér endurfæðumst og heilagur andi gjörir oss nýja.”

Postulasagan 4:12 Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld, sem getur frelsað oss.'

V Fyrir hendi ef þú fæst til að setja traust þitt á Jesúm Krist sem frelsara þinn.

Rómverja 4:24 heldur líka vor vegna. Oss mun það tilreiknað verða, sem trúum á hann, sem uppvakti Jesú, Drottin vorn, frá dauðum,

Rómverja 10:9-10,13 Ef þú játar með munn þínum: Jesús er Drottinn _ og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munnum játað til hjálpræðis. Því að 'hver sem ákallar nafn Drottins, mun hólpinn verða.'



Ef þú vilt taka við Jesú Kristi sem frelsara þínum og þiggja fyrirgefningu Guðs, þá er hér bæn sem þú getur beðið. Að fara með þessa bæn eða hvaða bæn aðra sem vera skal mun ekki frelsa þig. Það er aðeins traustið á Jesú Kristi sem getur aflað fyrirgefningar syndanna. Þessi bæn er einfaldlega leið til að tjá fyrir Guði trúna á Hann og þakka Honum fyrir að að afla þér fyrirgefningar. „

Guð,

ég veit að ég hef syndgað gegn Þér og á skilið að vera refsað. En Jesús Kristur tók á sig refsinguna sem ég verðskuldaði, svo að mér yrði fyrirgefið fyrir trúna á Hann. Nú sný ég baki við syndum mínum og set traust mitt á Þig varðandi sáluhjálp mína. Þakka þér fyrir undursamlega náð þína og fyrirgefningu. Amen!“